



Menningarmiðstöð
Hornafjarðar

RANNSÓKNIR

Stekkaklettur í landi Hafnar í Hornafirði:

Deiliskráning vegna skipulagsgerðar

Sigríður G. Björgvinsdóttir

Júlí 2021



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	2
Hafnarnes.....	4
Stekkaklettur á Stekkanesi	4
Fornleifaskráning	6
Samantekt og lokaorð	11
Heimildir:.....	12

Myndaskrá:

Mynd 1. Stekkaklettur í Hornafirði á Íslandskorti	1
Mynd 2. Horft til austurs af Neshólum að Stekkakletti	5
Mynd 3. Loftmynd úr Hornafirði er sýnir örnenfi í landi Hafnarness	5
Mynd 4. Yfirlitskort yfir skráða minjastaði á Stekkanesi og við Stekkaklett.	6
Mynd 5. Stekkaklettur og nágrenni hans. Sjá nánar í skrá fyrir 001 og 002.	6
Mynd 6. Minjar á Stekkatanga, tóft 003.	7
Mynd 7. Skráðar minjar yst á Stekkanesi (004-006).	7
Myndir 8 a&b. a) Engin ummerki um stekk sunnan Stekkakletts. b) Túngarðurinn (002)	8
Myndir 9 a&b. a) Tóftin (003) fremst á klettabrúninni á Stekkatanga. b) Tóft 004	9
Myndir 10 a&b. a) Garðlag efst á Tapparhól (005). b) Tóft 006	10

Töfluskrá:


Tafla 1. Verkefni 2699, samantekt skráðra minja í landi Stekkaness í Hornafirði.	11
---	----

*Mynd á forsíðu: Stekkaklettur í Hornafirði, júlí 2021. Ljósmynd: Sigríður Guðný Björgvinsdóttir.

Inngangur

Norðan Stekkakeldu í landi Hafnar í Hornafirði er Stekkanes, eitt af mörgum nesjum vestanvert á nestanganum milli Hornafjarðar og Skarðsfjarðar (mynd 1). Innarlega á Stekkanesi vestan Hafnarvegar er Stekkaklettur (Stekkjarklettur). Stekkanesið tilheyrði landi Hafnarnesjarðar áður en Hafnarhreppur eignaðist alla jörðina árið 1965.¹ Samkvæmt byggðasögu Hafnarness var stekkur á Stekkanesi og Stekkatúni.² Á lóð efst á klettinum var reist jarðstöð Póst og Síma, Skyggirnir á tíunda áratug síðustu aldar og var starfrækt á annan áratug. Í dag er lóðin skilgreind sem samfélagsþjónustureitur með heimild fyrir fastri búsetu.³

Í nýrri deiliskipulagstillögu fyrir Stekkaklett á að stækka núverandi lóð og fyrirhugaðar eru nýbyggingar innan hennar. Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var gerð úttekt á skipulagsreitnum eins og lög um menningarminjar kveða á um.⁴ Farið var á vettvang 1. júlí 2021, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Mynd 1. Stekkaklettur í Hornafirði, merktur með rauðum punkti á Íslandskorti. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Stækkað skjáskot af loftmynd frá Stekkanesi. Heimild: Loftmyndir ehf.

¹ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195

² Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 157

³ Sveitarfélagið Hornafjarður, 2021

⁴ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Tilgangur fornleifaskráningar er verndun menningarminja í eigin umhverfi.⁵

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

⁵ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ). Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hafnarnes

Hafnarnes (landnr. 159558) er ein af jörðum í fyrrum Nesjahreppi í Hornafirði og var metin með betri jörðum hreppsins og mikil hlunnindajörð.⁶ Hafnarnes á langa búsetusögu, a.m.k. aftur til 14. aldar en fyrsti skráði eigandi að jörðinni var Teitur ríki Gunnlaugsson í Bjarnanesi.⁷ Við stofnun verslunarstaðar á Höfn í lok 19. aldar urðu kaflaskil í búsögu Hafnarness. Árið 1928 var jörðinni skipt og fékk kaптúnið 2/3 hluta jarðarinnar undir sína lögsögu og 1965 eignaðist Hafnarhreppur alla jörðina.⁸ Frá 1997 hefur sveitarfélagi haft full yfirráð yfir landi Hafnarness og búskap á jörðinni þar með hætt.

Í byggðasögu Hafnarness segir: „Land jarðarinnar er mjög vogskorið með mörgum nesjum og töngum. Yzt er Langhólanes í landinu fyrir sunnan Stekkakeldu, en Stekkanes og Línnes fyrir norðan hana. Allt land jarðarinnar er samfelld, þó slitnar það nærri sundur við Stekkakeldu. Meginhluti landsins er þar suður af. Það er mjög gott til ræktunar.“⁹

Eins og víða tíðkaðist voru útihús í Hafnarnesi áður úti um tún.¹⁰ Hafnarnesbændur hófu jarðabætur í stórum stíl um 1930, með rótherfingu og útfærslu túna til tæktunar, m.a. í Langhólanesi og Stekkanesi.¹¹

Stekkaklettur á Stekkanesi

Á lóð efst á Stekkaklett stendur íbúðarhús, áður aðstöðuhús Skyggnis, jarðstöð Póst og Síma (sjá mynd 2). Stöðin var reist á tíunda áratug 20. aldar sem varastöð fyrir jarðstöðina við Úlfarsfell í Mosfellsbæ. Stöðvarnar hættu starfsemi 2005 og búnaður stöðvarinnar á Stekkakletti hefur verið fjarlægður en byggingar standa enn. Lóðin er skilgreind fyrir samfélagsþjónustu með heimild fyrir fasta búsetu í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.¹²

Í byggðasögu Hafnarhrepps segir að stekkur hafi verið í Stekkanesi.¹³ Ekki er skráð nánari staðsetning, hvort stekkurinn var við Stekkaklettinn eða utar á nesinu. Örnefnaskrá getur ekki um stekk í Stekkanesi.¹⁴ Á gamalli loftmynd sést rétthyrnt hólf með öðru minna hólfi innan í sem bendir til að vera rétt eða stekkur (sjá mynd 3).¹⁵ Á vettvangi sjást engin merki um réttina enda hefur töluvert rask átt sér stað á hólnum síðan loftmyndin var tekin.

⁶ Bjarni Bjarnason 1976, bls.154

⁷ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13, bls.93

⁸ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195

⁹ Bjarni Bjarnason 1976, bls. 153

¹⁰ Bjarni Bjarnason 1976, bls. 157

¹¹ Bjarni Bjarnason 1976, bls. 157

¹² Sveitarfélagið Hornafjörður, 2021

¹³ Bjarni Bjarnason 1976, bls. 157

¹⁴ Ö-skrá, Hafnarnes-I

¹⁵ Héraðskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, óskráð.




Mynd 2. Horft til austurs af Neshólum að Stekkakletti. Ljós. SGB, 2021.




Mynd 3. Hluti loftmyndar úr Hornafirði er sýnir örnefni í landi Hafnarness. Heimildarmaður: Jón Ófeigsson, Hafnarnesi. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni landfræðingi. Mynd varðveitt á Héraðskjalasafni A-Skaftafellssýslu.

Minjaskráning


Samtals voru sex minjastaðir skráðir í þessari úttekt (sjá myndkort 4, 5, 6 og 7). Skráningin fékk verkefnanúmerið **2699** hjá Minjastofnun Íslands og er því stofn í auðkennisnúmeri hvernar skráningar.




Mynd 4. Yfirlitskort yfir skráða minjastaði á Stekkanesi og við Stekkaklett.



Mynd 5. Stekkaklettur og nágrenni hans. Sjá nánar í skrá fyrir 001 og 002.



Mynd 6. Minjar á Stekkatanga, tóft 003.



Mynd 7. Skráðar minjar yst á Stekkanesi (004-006) sjá skráningu.

Auðkennisnúmer: 2699:001

„Stekkur var í Stekkanesi“, segir í byggðasögu Hafnarhrepps.¹⁶ Í örnefnaskrá fyrir Hafnarnesjörð er ekki vísað til þess að stekkur hafi verið á Stekkanesi (ritað Stekkjarnes í ö-skrá).

Staðsetning: A 683801.855 – N 424759.608

Sérheiti: Stekkaklettur

Tegund: heimild

Hlutverk: stekkur

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: ekki sést til minja

Hætta: engin hætt

Lýsing: Samkvæmt gamalli loftmynd má glögglega sjá rétt eða stekk (sjá mynd 3) sunnan í Stekkaklettinum. Líklegt þykir að réttin hafi vikið fyrir mannvirkjum á lóð Skyggis. Ekki sést til ummerkja eftir stekk eða rétt á eða við Stekkaklettinn (sjá myndir 5 og 8a).



Myndir 8 a&b. a) T.v. Engin ummerki sjást um stekk sunnan Stekkakletts. b) Túngarðurinn (002) er töluvert rofinn, hér horft til vesturs. Ljósmyndir: SGB, 2021.

Auðkennisnúmer: 2699:002

Í brekkunni norðvestan í Stekkakletti liggur tæplega 70 m langur túngarður, um 48 m vestur af íbúðarhúsinu á lóð Stekkakletts (myndir 6 og 8b).

Staðsetning: A 683778.224 – N 424834.187

Sérheiti:

Tegund: garðlag

Hlutverk: túngarður

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð: 0,5 – 1,1 m

Veggbreidd: 0,7 m

Hætta: hætt vegna landbrots og rasks

Lýsing: Garðurinn er úr torfi, samtals 67 m langur en er rofinn í fjóra hluta. Miðbik garðsins er lengst, um 38 m og í betra ástandi en aðrir hlutar hans. Eystri hluti garðsins hefur blásið meira upp en sá vestari (sjá myndir 5, 6 og 8b).

¹⁶ Bjarni Bjarnason 1976, bls. 157

Auðkennisnúmer: 2699:003

Stekkatangi er í norðvestur frá Stekkakletti. Sunnan megin á litlu nesi á tanganum er tóft eða rúst sem liggur yst á klettabrúninni (sjá mynd 9a).

Staðsetning: A 683680.415 – N 424812.056

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Vegghæð: 0,2 – 0,6 m

Veggbreidd: 0,5 m

Hætta: hætta vegna landbrots og rasks

Lýsing: Tóftin er um 3 x 4 m að stærð og liggur á klettabrún upp af lítilli vík, rúmlega 70 m vestur af túngarði 002. Tóftin er vel gróin, snýr opi til suðurs fram á klettabrúnina (sjá myndir 7 og 9a).



Myndir 9 a&b. a) Tóftin (003) er fremst á klettabrúninni á Stekkatanga. b) Tóft 004, horft til austurs í átt að Stekkakletti. Ljósmyndir: SGB, 2021.

Auðkennisnúmer: 2699:004

Norðan megin á Stekkanesi, næst fyrir innan Tapparhól er lítið ónefnt nes. Á þessu nesi er ógreinileg tóft eða rúst (mynd 9b).

Staðsetning: A 683602.108 – N 424627.647

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: illgreinanlegar minjar

Vegghæð: 0,1 – 0,2 m

Veggbreidd: 0,8 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Tóftin er frekar ógreinileg en mótar vel fyrir skeifulagaðri dæld. Veggir eru það lágir að rétt má greina hæð þeirra. Veggjabrot um 3 x 1,5 m að stærð er fyrir miðri dæld. Mesta dýpi í holu innan tóftar er um hálfur metri. Ummál rústarinnar er 8 x 5,5 m. Mannvirkið hefur snúið opi til suðurs og mögulega hefur verið lítil kró vinstra megin (sjá myndir 7 og 9b).

Auðkennisnúmer: 2699:005

Efst á Tapparhól, sunnarlega á Stekkanesi er stutt og rislítið garðlag (sjá mynd 10a).

Staðsetning: A 683543.811 – N 424558.279

Sérheiti: Tapparhóll

Tegund: garðlag

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: illgreinanlegar minjar

Vegghæð: 0,1 - 0,3 m

Veggbreidd: 0,5 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Garðbrotið er úr torfi, liggur NA-SV og er austast á Tapparhólinum þar sem hann er hæstur. Það er um 1,3 m að lengd og ekki mjög greinilegt. Við syðri enda garðlagsins er fuglapúfa (sjá myndir 7 og 10a). Tilgangur þessa garðlags er óljós.



Myndir 10 a&b. a) Ggarðlagið efst á Tapparhól (005). b) Tóft 006 er grafin inn í hólinn, austarlega í Neshólum. Rústin er mikið rofin og farin að láta á sjá. Ljósmyndir: SGB, 2021.

Auðkennisnúmer: 2699:006

Syðst á Stekkanesi eru tveir lágreistir hólar er kallast Neshólar. Austan megin við syðri hólinn er tóft, grafin inn í hólinn og snýr út að Stekkakeldu (sjá mynd 10b).

Staðsetning: A 683669.404 – N 424524.300

Sérheiti:

Tegund: tóft

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá – til: 1550 – 1950

Friðlýst: nei

Ástand: illgreinanlegar minjar

Vegghæð: 0,1 - 1,7 m

Veggbreidd: 0,5 m

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Tóftin snýr A-V með op til austurs. Hún er 4 x 5 m að stærð, með veggi úr torfi og er grafin inn í hólinn. Tóftin hefur blásið upp og er mikið rof í veggjum. Fjargata liggur rétt við tóftina (sjá myndir 7 og 10b).

Samantekt og lokaorð

Samtals voru skráðir sex minjastaðir í þessu verkefni. Í eftirfarandi töflu eru helsti þættir skráningarinnar teknir saman, þ.e. tegund, hlutverk, aldur og hættumat.

Tafla 1. Verkefni 2699, samantekt skráðra minja í landi Stekkanes í Hornafirði.

Auðkenni	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
2699:001	Stekkaklettur	heimild	stekkur	1550-1950	enging hættu
2699:002		garðlag	túngarður	1550-1950	hætta v rasks
2699:003		tóft	óþekkt	1550-1950	hætta v rasks
2699:004		tóft	óþekkt	1550-1950	hætta v rasks
2699:005	Tapparhóll	garðlag	óþekkt	1550-1950	hætta v rasks
2699:006		tóft	óþekkt	1550-1950	hætta v rasks

Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðu minjaúttektar á Stekkanesi í landi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Tilefni skráningar er deiliskipulagsgerð og fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð Stekkakletts. Innan skipulagsreits er einn minjastaður, túngarður sem liggur tæplega 50 m norðvestan frá gafli íbúðarhússins. Aðrar skráðar minjar í þessu verkefni eru utan skipulagsreits og mun þeim ekki stafa hættu sökum framkvæmda en mögulega vegna aukins rasks á svæðinu. Í öllum tilfellum er upprunaártal minjanna ekki ljóst, en áætla má að þau séu frá byrjun 20. aldar, jafnvel frá því seint á 19. öld. Byggðasagan segir að fénaðarhús hafi verið út um tún og Stekkanesið sem var áður engjaland tekið til ræktunar fljótlega eftir 1900.

Í ljósi langrar byggðasögu í Hafnarnesi má vænta þess að minjar gætu leynst í jörðu þó svo yfirborðið gefi annað til kynna. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngrípir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa friðaðar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Stofnunin mun taka afstöðu til þeirra minja og minjastaða sem hér eru skráðir með hliðsjón af varðveislugildi þeirra.

Heimildir:

Arnbór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði (fyrri bindi) Aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði: Hornafjarðarbær.

Bjarni Bjarnason (1976). Hafnarnes. Í *Byggðasaga Austur- Skaftafellssýslu, III. bindi* (bls. 153-161). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IX. bindi 1262-1536 (1909-1913). Reykjavík: Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi.

Loftmyndir ehf (2017). Loftmyndagrunnur. GeoTIFF miðflugs-litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012

Sveitarfélagið Hornafjörður (á.á.). Deiliskipulag í kynningu. Sótt á vefslóð 06.júlí 2021 á https://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/STEKKAKLETTUR-DSK-210412_2.pdf

Örnefnaskrá fyrir Hafnarnes, Stefán Einarsson skráði (1973). Heimildarmenn: Jón Ófeigsson f. 1918 og Ófeigur Jónsson, f. 1883. Lesið fyrir Bjarna Guðmundssyni, f. 1886. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.